

## ***BORGARRÁÐ 4. október 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um gjaldfrjálsar félagsmiðstöðvar - R18100036***

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar bjóða upp á félagsstarf fyrir 10-16 ára gömul börn. Á vef Reykjavíkurborgar kemur fram að enginn kostnaður fylgi því að mæta í félagsmiðstöð þegar það er opið hús. Einnig kemur fram að kostnaði á skemmtanir og aðra viðburði sé haldið í lágmarki. Í þeim tilvikum sem gjald er innheimt sé það staðgreitt eða innheimt eftir á. Óljóst er að sjá hvenær skemmtanir og aðrir viðburðir félagsmiðstöðva eiga sér stað og getur slíkt sett efnalítla foreldra og forráðamenn í mjög erfiða stöðu, þ.e.a.s. að þurfa að mæta óvæntum útgjöldum eða að geta ekki boðið börnum sínum að taka þátt í starfi félagsmiðstöðva. Því er lagt til að skóla og- frístundasvið kanni þann kostnað sem hefur verið innheimtur af foreldrum vegna skemmtana eða annarra viðburða hjá félagsmiðstöðvum síðasta árið og geri ráð fyrir þeim útgjaldaliðum í fjárhagsáætlun árið 2019, svo að sú starfsemi verði börnum gjaldfrjáls.

### **Greinargerð:**

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar eru ýmist starfræktar í húsnæði grunnskólanna eða utan þeirra og fylgir opnunartími félagsmiðstöðvanna að mestu starfsári grunnskólanna. Líkt og framkemur á vef Reykjavíkurborgar, bjóða félagsmiðstöðvar upp á uppbyggilegt félagsstarf fyrir 10-16 ára gömul börn og unglínga í frítímanum. Þar er áhersla lögð á að ná til þeirra unglínga sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Sósíalístaflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að sú starfsemi sé opin öllum börnum og unglíngum og að þau beri ekki kostnað af þátttökunni. Margir foreldrar eru í erfiðari fjárhagsstöðu, þar sem ekkert má út af bregða og erfitt er fyrir foreldra að þurfa að neita börnum sínum um þátttöku í skipulögðu félagsstarfi þar sem ekki er til nægur peningur á heimilinu. Börn og unglíngar eru því miður oft meðvituð um þá stöðu og leitast síður við að biðja foreldra sína um eitthvað sem kostar pening og taka því ekki þátt í ýmis konar uppbyggilegri skemmtun með jafnöldrum sínum. Mikilvægt er að félagsmiðstöðvar sé opnar öllum börnum og staður þar sem þau þurfi ekki að finna fyrir því að vera efnaminni en önnur börn. Öll þjónusta borgarinnar gagnvart börnum á að byggja á því að þeim sé ekki mismunað á grundvelli fjárhagsstöðu foreldra. Þar sem börn hafa engar tekjur, er ekki hægt að leggja gjöld á þau og börn ættu ekki að þurfa að greiða fyrir þátttöku í opnu félagslegu starfi borgarinnar.